



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2016

Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

2017

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2017

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: rmf@unak.is

Veffang: www.rmf.is

Titill: Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - blekhonnun.is

Forsíðumynd: Húsavík © Markaðsstofa Norðurlands

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-05-2017

ISBN: 978-9935-437-70-9

ISSN: 1670-8857

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.


Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2016

NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2016 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Mývatnssveit, Húsavík, Ísafirði og Stykkishólmi. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar á Húsavík.

Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Framkvæmd könnunarinnar á Húsavík var unnin í samstarfi við þekkingarnet Þingeyinga á Húsavík.



EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Gestakomur	4
Ferðafélagar	5
Fjöldi samferðamanna	7
Dvalarstaður gesta, fyrir og eftir heimsókn	8
Gisting	9
Gistinætur	10
Gistimáti	11
Tilgangur ferðar	12
Ástæða heimsóknar	13
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	14
Uppruni upplýsinga	15
Ferðamáti	16
Skipulag ferðar	17
Dvalarlengd	18
Afþreying og þjónusta	19
Ánægja	20
Útgjöld	21
Athugasemdir	22
Samantekt	23

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda gesti á Húsavík sumarið 2016. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfelli. Spurningar sem snéru að búsetulandi, aldri, ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin var á þremur tungumálum, ensku, þýsku og frönsku.

Þátttakendur voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra á Húsavík stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld gesta. Þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld gesta sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.* Útgjöld vegna gistiþjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Framkvæmd könnunarinnar tók 20 daga. Spyrlar á vegum þekkingarnets Þingeyinga voru staðsettir á „Skansinum“ ofan Hafnarstéttar og neðan Garðarsbrautar. Þeir óskuðu eftir þátttöku

allra erlendra gesta sem urðu á vegi þeirra. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim.

Tímabil framkvæmdar var 7. júlí til 18. ágúst. Innan dagsins var könnunin framkvæmd á tímabilinu kl. 9-18. Alls voru 589 erlendir gestir beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 444 þátttöku, eða 75% aðspurðra. Gild svör voru 438. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 42 ár, hlutfall kvenna var 58% og karla 42%.


Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra gesta sem komu til staðarins eftir kl. 18 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn, sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar fór fram.

Við lok gagnaöflunar voru svarblöðin skönnuð og niðurstöður forunnar hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum erlendra gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2016. Útgjöld fyrri ára eru á verðlagi ársins 2016.

*United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics – International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

Hvert er búsetuland þitt?

Á Húsavík hefur hlutfall sumargesta frá Þýskalandi mælst hærra en á landsvísu undanfarin ár. Á tímabilinu 2013-2016 lækkaði það þó úr 24% í 22% á sama tíma og það lækkaði úr 13% í 10% á landsvísu. Hlutfall gesta frá Frakklandi lækkaði einnig úr 20% í 15% á Húsavík en úr 9% í 7% á landsvísu. Bandaríkjamönnum hefur fjölgað jafnt og þétt á svæðinu sem er í ágætu samræmi við fjölgun þeirra á landsvísu þótt enn sé hlutfall þeirra mun lægra á Húsavík. Sumrin 2013-2016 hækkaði hlutfall þeirra úr 5% í 9% á Húsavík en úr 16% í 26% á landsvísu.**




*Ferðamálastofa. (e.d.). Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurlflugvöll 2003-2017.

**Á landsvísu reiknast hlutfallið yfir tímabilið júní til ágúst ár hvert. Myndin sýnir búsetuland erlendra gesta á Húsavík sumrin 2013-2016 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurlflugvöll þá mánuði sem könnunin var framkvæmd á Húsavík sumarið 2016.

Gestakomur erlendra ferðamanna*

Þegar litið er til sömu landa og hér að framan í gestakomum Hagstofunnar á svæðinu frá Norðurþingi að Langanesbyggð má greina svipaða þróun búsetulanda og í könnuninni þar sem hlutfall Þjóðverja og Frakka lækkaði á sama tíma og það hækkaði meðal Bandaríkjamanna. Samarið 2016 var hlutfall Þjóðverja 21%, Frakka 13% og Bandaríkjamanna 12%.**




* Gestakomur erlendra ferðamanna í Norðurþingi, Tjörneshreppi, Svalbarðshreppi og Langanesbyggð sumrin 2013-2016 (júní til ágúst).

**Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2016.

Með hverjum ferðaðist þú?

Langflestir þátttakenda voru á ferð með fjölskyldu eða vinum (89%). Um 6% svarenda voru í hópferð og sama hlutfall gesta ferðuðust einir. Þetta eru svipaðar niðurstöður og á landsvísu þó heldur færri ferðuðust einir á Húsavík. Litlar breytingar hafa orðið á samsetningu ferðafélaga erlendra gesta á Húsavík á tímabilinu 2013-2016. Sumrin 2013-2016 hefur hlutfall þeirra sem ferðuðust með fjölskyldu og vinum mælst á bilinu 84-89%, hlutfall gesta í skipulagðri hópferð 5-8%, þeirra sem ferðuðust einir 4-7% og þeirra sem ferðuðust með vinnufélögum á bilinu 0,2-2%.




*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.


Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?

Algengast var að gestir ferðuðust annað hvort tveir saman (44%) eða í fjögurra manna hópi (22%).

Um 11% gesta ferðuðust þrír saman. Í um 31% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för.




Hvar dvaldir þú nóttina áður en þú komst til Húsavíkur?



Flestir gestanna höfðu gist á Norðurlandi eystra nóttina áður en þeir heimsóttu Húsavík eða um 75% þeirra. Þar af höfðu 26% gist í Mývatnssveit, 24% á Akureyri og 10% í Þingeyjarsveit. Um 10% höfðu dvalið á Austurlandi, 3% á Suðurlandi og 2% á höfuðborgarsvæðinu. Samanlagt höfðu um 1% gesta dvalið á Suðurnesjum og Vesturlandi og sama hlutfall á Vestfjörðum. Á Norðurlandi vestra dvöldu tæp 2%. Alls nefndu 6% gesta aðra staði, s.s. heimaland og aðra óstaðsetta dvalarstaði (s.s. farfuglaheimili). Af þeim nefndu einnig 2% skemmtiferðaskip.

Hvar ætlar þú að dvelja fyrstu nóttina eftir að þú ferð frá Húsavík?





Að lokinni heimsókn ætluðu flestir að gista á Norðurlandi eystra eða alls um 68% aðspurðra. Þar af áformuðu 37% ferðamanna að gista á Akureyri, um 15% í Mývatnssveit og 6% í Þingeyjarsveit. Rúm 6% ætluðu að gista á Austurlandi, 2% á Suðurlandi og 3% á höfuðborgarsvæðinu. Á Suðurnesjum og Vesturlandi ætluðu um 3% gesta að dvelja eftir að heimsókn lauk, 0,2% á Vestfjörðum og 8% á Norðurlandi vestra. Alls nefndu 9% gesta annað. Þar af ætluðu um 2% að gista um borð í skemmtiferðaskipi.

Af þeim sem höfðu dvalið á Akureyri nóttina fyrir heimsókn ætluðu einungis 16% að gista yfir nótt á Húsavík og 52% þeirra ætluðu að gista aftur á Akureyri að heimsókn lokinni. Bendir það til þess að dagsferðir þaðan séu nokkuð algengar á Húsavík. Hlutfall þeirra sem höfðu næturstað í Mývatnssveit fyrir heimsókn og ætluðu þangað aftur að heimsókn lokinni var um 22%.


Dvaldir þú á Húsavík síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Sumarið 2016 var hlutfall þeirra erlendu ferðamanna sem dvöldu yfir nótt á Húsavík 34% og hafði það lækkað talsvert frá sumrinu 2013 þegar það var 55%. Algengara var að ferðamenn frá Frakklandi og Bandaríkjunum gistu á svæðinu en frá öðrum löndum. Hlutfall næturgesta frá Frakklandi var 49%, frá Bandaríkjunum 48% og frá Þýskalandi 27%. Af þeim gestum sem höfðu dvalið á Akureyri nóttina fyrir heimsókn ætluðu einungis um 16% að gista á Húsavík. Algengara var að gestir sem höfðu dvalið í Mývatnssveit ætluðu að dvelja yfir nótt á Húsavík eða um 29% þeirra sem er nokkuð nær meðaltalinu.



Gistinætur erlendra ferðamanna*

Þó svo að hlutfall næturgesta hafi lækkað á Húsavík undanfarin ár, hefur gistinóttum á svæðinu engu að síður fjölgað vegna aukins fjölda ferðamanna. Á tímabilinu 2013-2016 fjölgaði gistinóttum um 84% á svæðinu frá Norðurþingi að Langanesbyggð og voru þær um 123 þúsund árið 2016 sem er um 1,8% af heildarfjölda gistinátta á Íslandi það ár. Þegar einungis er litið til tímabilsins júní til ágúst var hlutfallið 3,0%. Flestar voru gistinæturnar yfir sumartímamann eða um 76% frá júní til ágúst og 94% frá maí til september svo árstíðasveiflan er töluverð á svæðinu.**




*Gistinætur erlendra ferðamanna eftir mánuðum í Norðurþingi, Tjörneshreppi, Svalbarðshreppi og Langanesbyggð 2013-2016.

**Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gistaða eftir sveitarfélögum 2008-2016

Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér eða hyggst þú nýta þér á Húsavík?

Af þeim erlendu ferðamönnum sem dvöldu yfir nótt á Húsavík sumrin 2013-2016 gistu flestir á tjaldsvæðinu. Sumarið 2013 var hlutfall tjaldsvæða hæst 53% en lægst sumarið 2015 þegar það var 35%. Hlutfall hótulgistingar var á bilinu 9%-16% á sama tímabili, lægst sumarið 2013 en hæst sumarið 2015. Hlutfall þeirra sem gistu á gistiheimilum lækkaði úr 23% sumarið 2013 í 16% sumarið 2016. Til annarar gistingar telst m.a. bændagisting, sumarhús og gisting í bifreiðum eða tjaldi utan tjaldsvæðis.

Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótelum og gistiheimilum hæst sumarið 2016, eða samtals um 32%. Þar næst kom hlutfall tjaldsvæða sem var 21%. Athygli vekur hátt hlutfall einkagistingar á landsvísu en það var um 18%.*




* Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína

** Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.

***Ekki var spurt sérstaklega um farfuglaheimili og einkagistingu á Húsavík sumrin 2013 og 2014

Hver er megintilgangur heimsóknar þinnar til Húsavíkur?


Langflestir gesta sögðu megintilgang heimsóknar sinnar til Húsavíkur vera frí. Hlutfallið var á bilinu 91%-95% sumrin 2013-2016 sem er svipað hlutfall og í könnun Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli.* Hlutfall þeirra sem komu í þeim tilgangi að heimsækja vini og ættingja, vinna eða mæta á viðburð var mun lægra en á landsvísu. Um 7% svarenda á Húsavík nefndu annað, þar af flestir hvali og hvalaskoðun.



*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Húsavík varð fyrir valinu sem áfangastaður


Langflestir komu til Húsavíkur vegna hvala eða hvalaskoðunar eða alls um 73% gesta. Í 8% tilvika var ástæða heimsóknar sögð vera fyrirfram skipulögð ferð sem jafnvel var partur af hringferð eða hópferð og því ekki gefin frekari ástæða fyrir heimsókn. Alls sögðust 8% gesta hafa komið til að skoða söfn og 7% komu vegna náttúrunnar eða fegurðar staðarins. Aðrar ástæður heimsóknar voru m.a. hafið, höfnin, Norðrið, strandlengjan, meðmæli, göngluleiðir og fuglalíf.* Niðurstöðurnar voru nokkuð svipaðar sumrin 2014 og 2015. Ekki var spurt um ástæðu heimsóknar sumarið 2013.



*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum nefndu menn fleiri en eina ástæðu og því eru fleiri svör en svarendur.

Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Húsavík?


Ferðamenn á Húsavík virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls um 73% þeirra. Um 15% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og í um 12% tilvika var ekki um sérstaka ákvörðun að ræða þar sem staðurinn var hluti af lengri ferð og einungis var keyrt í gegnum hann. Um 2% svarenda sagði að heimsóknin til Húsavíkur væri meginástæða Íslandsferðarinnar. Þessi hlutföll eru sambærileg við niðurstöður ársins á undan.



Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda

Hvaðan aflaðir þú upplýsinga um Húsavík?


Flestir höfðu fengið upplýsingar um Húsavík hjá ferðaskrifstofum eða alls um 63% gesta. Um 34% aðspurðra öfluðu upplýsinga í gegnum vefsíður, 14% höfðu fengið upplýsingar úr bókum og ferðahandbókum og 13% hjá vinum og ættingjum. Um 11% sögðu að heimsóknin til staðarins væri hluti af heildarpakka og því hefði upplýsinga ekki verið aflað sérstaklega um svæðið. Um 10% nefndu annað, þar af sögðust 6% hafa fengið upplýsingar í fjölmiðlum. Niðurstöður á landsvísu voru nokkuð frábrugðnar. Þar höfðu flestir (85%) aflað upplýsinga um Ísland á netinu og næstflestir úr bæklingum eða handbókum (36%). Um 35% höfðu fengið upplýsingar um landið hjá vinum og ættingjum og einungis 21% hjá ferðaskrifstofum.*



*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.


Hvernig ferðaðist þú til Húsavíkur?

Langflestir ferðuðust til Húsavíkur með bílaleigubílum eða um 76% gesta. Um 7% voru í hópferð og 6% notuðu einkabíla. Hlutfall bílaleigubíla hækkaði úr 64% í 76% á tímabilinu 2013-2016. Hlutfall áætlunarbifreiða (s.s. Strætó) lækkaði úr 11% í 5% og hlutfall einkabíla úr 9% í 6%. Hlutfall gesta sem voru í hópferð var nokkuð svipað (6%-7%) á tímabilinu. Annar ferðamáti telst t.d. flug, reiðhjól, puttaferðalag og bátar. Alls höfðu 2% gesta komið með skemmtiferðaskipum.



Hvernig var ferðin til Húsavíkur skipulögð?



Flestir aðspurðra (75%) höfðu skipulagt ferðina til Húsavíkur sjálfir og 16% voru í pakkaferð. Enginn var í ferð á vegum vinnu. Hlutfall gesta í pakkaferð var heldur lægra á landsvísu (11%) og hlutfall gesta á eigin vegum hærra (87%). Ekki var spurt um skipulag ferðar í fyrri könnunum.



*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.

Hversu lengi telur þú að dvöl þín á Húsavík muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra gesta á Húsavík var 15,5 klst. Flestir dvöldu á staðnum í 4-6 klst. eða um 35% gesta. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 5,4 klst. og næturgesta 35,4 klst. Dvalarlengd erlendra gesta á Húsavík hefur styst úr 21,6 klst. sumarið 2013 í 15,5 klst. sumarið 2016. Hlutfall þeirra sem dvöldu yfir nótt lækkaði úr 55% í 34% á sama tíma. Gestir frá Bandaríkjunum virtust dvelja heldur lengur en aðrir á Húsavík þar sem meðaldvalarlengd þeirra var 23 klst. samanborið við 12 klst. meðal gesta frá Þýskalandi og 17 klst. meðal gesta frá Frakklandi. Gestir í aldurshópnum 55-64 ára dvöldu að meðaltali í 12 klst. sem var styttra en hjá öðrum aldurshópum. Lengst dvöldu gestir á aldrinum 35-44 ára, eða að meðaltali í 19 klst.



Hvaða þjónustu / afþreyingu hyggst þú nýta þér á Húsavík?


Sumrin 2013-2016 ætluðu flestir að skoða söfn og fara í hvalaskoðun meðan á dvöl þeirra á Húsavík stóð. Gera má ráð fyrir að hlutföllin séu nokkuð hærri í könnuninni en í raunveruleikanum þar sem spurt er hvaða afþreyingu svarendur hyggðust nýta sér óháð því hvort það gengi eftir eða ekki.

Hlutfall þátttakenda sem áformuðu að fara í hvalaskoðun hefur lækkað úr 81% sumarið 2013 í 69% sumarið 2016. Hlutfall þeirra sem ætlaði að heimsækja söfn bæjarins var óvenju hátt sumarið 2016 og hækkaði úr 68% sumarið 2013 í 74% sumarið 2016 þrátt fyrir lækkun sumrin 2014 og 2015. Athygli vekur lækkun á hlutfalli þeirra sem ætluðu í sund, að skoða fugla og fara í gönguferð á Húsavík. Ástæður þessarar lækkunar koma ekki fram í niðurstöðum könnunarinnar en hafa ber í huga að meðaldvalartími gesta hefur styst talsvert á tímabilinu sem minnkar möguleika þeirra á að nýta sér afþreyingu staðarins.

Heimsókn á kaffi- eða veitingahús var nokkuð vinsæl meða gesta frá Bandaríkjunum en um 70% þeirra ætlaði að nýta sér þann þjónustubátt. Um 49% gesta frá Frakklandi og 51% gesta frá Þýskalandi ætluðu á kaffi- eða veitingahús meðan á dvöl þeirra stóð.


Alls sögðust 75% gesta frá Bandaríkjunum ætla í hvalaskoðun. Hlutfallið var 65% meðal gesta frá Þýskalandi og 74% meðal gesta frá Frakklandi.

Færri nefndu aðra valkosti en þeir voru m.a. hestaferðir, heimsókn í handverkshús, veiði og golf.



Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Húsavíkur?

Almennt voru þátttakendur mjög ánægðir (50%) eða ánægðir (37%) með dvöl sína á Húsavík. Tæp 9% sögðust þó vera mjög óánægð og 1% óánægð. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,19.* Gestir frá Frakklandi mældust með 4,32 til samanburðar við 4,06 meðal gesta frá Þýskalandi og 4,21 meðal gesta frá Bandaríkjunum. Meiri ánægja virtist vera meðal þeirra gesta sem fóru í hvalaskoðun þar sem ánægjustig þeirra mældist 4,27 til samanburðar við 4,02 meðal þeirra sem fóru ekki. Ánægjustig þeirra sem gistu yfir nótt mældist 4,35 til samanburðar við 4,10 meðal þeirra sem gistu ekki. Ekki reyndist unnt að greina niðurstöður óánægðra gesta frekar þar sem fjöldi svara gaf ekki kost á því.



*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Húsavík eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra gesta á sólarhring voru 14.965 kr. Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöld meðal erlendra gesta svæðisins voru hæst í flokki afþreyingar kr. 7.649 en um 68% aðspurðra greiddi fyrir þann þjónustupátt meðan á dvöl þeirra stóð. Meðalútgjöld vegna menningartengdrar þjónustu voru 959 kr. en um 52% gesta greiddu fyrir þann þátt. Alls keyptu 63% þátttakenda veitingar og 33% greiddu fyrir gistingu.


Frá sumrinu 2013 hafa útgjöldin mælst á bilinu 13.232 kr. til 15.978 kr. Þau voru hæst sumarið 2013 og lægst sumarið 2015.*

Afþreying hefur lengi verið veigamesti útgjaldaliður ferðamanna á Húsavík. Til afþreyingar telst m.a. hvalaskoðun og aðrar bátsferðir, gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, veiði og jeppaferðir.

Sumarið 2016 var heildarfjöldi farþega í hvalaskoðun á Húsavík um 110 þúsund og áætlaðar tekjur af miðasölu rúmur milljarður króna. Meðalútgjöld vegna gistiþjónustu hafa lækkað úr 2.892 kr. sumarið 2013 í 1.893 kr. sumarið 2016. Rekja má ástæðu þess til lækkaðs hlutfalls þeirra sem dvelja yfir nótt á Húsavík. Til menningar teljast m.a. heimsóknir á söfn, gallerí, sýningar og tónleikar. Útgjöld vegna samgangna voru í langflestum tilvikum vegna eldsneytiskaupa.

Ef reiknað er með að heildarfjöldi erlendra gesta á Húsavík árið 2016 hafi verið á bilinu 250-290 þúsund** má áætla að heildarútgjöld þeirra á svæðinu hafi verið um 3,7-4,3 ma.kr.

Um er að ræða nálgun út frá áætluðum fjöldatölum og hlutföllum svo niðurstöðunum ber að taka með fyrirvara. Engu að síður gefa þær vísbendingu um umfang atvinnugreinarinnar út frá gefnum forsendum.




*Útgjöldin miðast við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár hvert og VNV í júlí 2016.

**Ferðamálastofa. (e.d.). Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum.

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína á Húsavík?

Af þeim sem komu með athugasemdir varðandi dvöl þeirra á Húsavík höfðu 24% ekkert nema gott um heimsókn sína til staðarins að segja. Um 14% svarenda gerðu athugasemdir við tjaldsvæðið. Þar af lýstu 11% yfir vonbrigðum með aðstöðuna, staðsetninguna eða of mikinn fjölda gesta. Um 10% aðspurðra höfðu athugasemdir tengdar hvöllum eða hvalaskoðun. Flestir voru ánægðir en einhverjir höfðu áhyggjur af notkun hraðbáta og skorti á skipulagi í flóanum. Meðal annarra þátta sem komu fram voru skortur á bílastæðum, hátt verðlag og óskir um stærri matvöruverslun.



Ruslafötur

Hvalir

Búningsklefar fyrir þá sem eru að fara í hvalaskoðun

Við erum hér bara í hvalaskoðun með ferðahópnum okkar

Þvottþjónusta á hótelinu eða almenningsþvottaaðstaða

Meiri sól

Kort með gönguleiðum

Stærri matvöruverslun

Við sáum allt sem við vildum sjá með því að ganga um bæinn

Gaman væri að finna verkstæði þar sem hægt væri að búa til eigin minjagrip, s.s. hvalaskúlpútur úr efni af svæðinu

Mig langar að stinga mér í sjóinn og synda með hvölum

Fleiri verslanir

Fleiri rútuferðir

Verslun með notuð fót

Fleiri bílastæði

Bændamarkaður

Sojamyjlk á kaffihúsum

Ég vissi ekki að boðið væri upp á hestaleigu á Húsavík. Ef ég hefði séð það auglýst áður en ég kom hefði ég líklega valið það

Við vorum hér árið 2005 og munum koma fljótt aftur

Hér mætti vera lón - eins og t.d. Fontana, eða Bláa Lónið

Meira framboð á gistingu á farfuglaheimilum kæmi sér vel fyrir þá sem ferðast fyrir lítinn pening

Hættið að veiða hvali

Við vildum að við gætum verið hér á bæjarhátíðinni

Gott veður

Betri aðstöðu á tjaldsvæðinu

Slæm staðsetning fyrir tjaldsvæði

Hér vantar upplýsingamiðstöð

Það var mjög kalt í nótt og hávaðasamt á tjaldsvæðinu!!!
Það var ekkert laust herbergi á gistiheimilinu

Varð fyrir vonbrigðum með hraðbátana sem hræddu hvalina í burtu og létu eins og þeir væru í vatnasafarí

Hér þyrftu að vera fleiri almenningsalarni

Tjaldsvæði

Hér er meira en nóg í boði fyrir fólk með svipuð áhugamál og ég

Hátt verðlag

Meiri listviðburðir, lífandi tónlist á kvöldin

Frábær staður

Minni hávaði frá vörubílum og iðnaðarsvæði

Ég var mjög ánægður með hvalaskoðunina

Sundlaug með rennibrautum og gufubaði

Við ætluðum bara að keyra í gegnum Húsavík á leið okkar í Ásbyrgi en þar sem okkur leist svo vel á staðinn ákváðum við að stoppa hér í smá stund

Færri hraðbátana - Ekki gott fyrir hvalina

Of lítið framboð gistiþjónustu

Tjaldsvæði með útsýni yfir hafið

Hér er gott fólk

Fleiri sæti á kaffihúsum og veitingastöðum með útsýni yfir hafið

Hér er mikið hægt að gera í samanburði við aðra staði

Þvottahús

Sjóstöng í hvalaskoðunarferðum

Kirkjan sem er yfirleitt opin er lokuð núna

Kvikasilfur í vatninu er ekki gott

Fullorðins beinagrind af hnúfubaki

Allt í góðu lagi

Tónleikar

Það sem var helst einkennandi fyrir Húsavík sumarið 2016 var hversu afgerandi hvalaskoðun var sem meginástæða heimsóknar og hve hátt hlutfall gesta nýtti sér afþreyingarmöguleika svæðisins. Þessar niðurstöður eru í takt við kannanir fyrri ára á Húsavík. Helstu breytingar á milli ára koma fram í lækkandi hlutfalli þeirra sem dvelja yfir nótt á Húsavík og styttri dvalartíma. Útgjöld erlendra gesta hafa verið nokkuð svipuð þó greina megi lækkun í útgjöldum vegna gistingar og hækkun vegna afþreyingar.

Talsverð árstíðasveifla er í ferðaþjónustu á Húsavík. Af þeim 123 þúsund gistinóttum erlendra ferðamanna sem voru á svæðinu frá Norðurþingi að Langanesbyggð árið 2016 áttu 94% sér stað frá maí til september.

Dvalarlengd erlendra gesta á Húsavík hefur styst talsvert á tímabilinu 2013-2016. Flestir dvöldu á staðnum í 4-6 klst. Hlutfall næturgesta hefur einnig lækkað en þrátt fyrir það hefur gistinóttum fjölgað á tímabilinu. Bendir það til þess að dagsferðamönnum hafi fjölgað hraðar en þeim sem dvelja yfir nótt. Af þeim erlendu ferðamönnum sem dvöldu yfir nótt á Húsavík gistu flestir á tjaldsvæðum.

Hlutfall sumargesta frá Þýskalandi hefur mælst hærra á Húsavík en á landsvísu undanfarin ár. Á tímabilinu 2013-2016 fór það þó lækkandi á meðan hlutfall gesta frá Bandaríkjunum hækkaði.

Ferðamenn á Húsavík virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands og flestir voru í ferð á eigin vegum. Meðalútgjöld þeirra á sólarhring voru um 14.965 kr. og hæsti útgjaldaliðurinn var afþreying.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist upplifun ferðamanna af dvöl þeirra á Húsavík almennt jákvæð. Flestir gestanna voru ánægðir eða mjög ánægðir með dvölinu og voru gestir frá Frakklandi heldur ánægðari en aðrir.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um þróun og stöðu ákveðinna þátta ferðaþjónustu á Húsavík á tímabilinu 2013-2016. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðaþjónustu mikilvægt púsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.